VIÐAUKI I

SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

▼Þetta lyf er undir sérstöku eftirliti til að nýjar upplýsingar um öryggi lyfsins komist fljótt og örugglega til skila. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu. Í kafla 4.8 eru upplýsingar um hvernig tilkynna á aukaverkanir.

1. HEITI LYFS

BIMERVAX stungulyf, fleyti
COVID-19 bóluefni (raðbrigða, ónæmisglætt)

2. INNIHALDSLÝSING

Þetta er fjölskammta hettuglas sem inniheldur 10 skammta sem eru 0,5 ml hver eða stakskammta hettuglas sem inniheldur 1 skammt sem er 0,5 ml.

Einn skammtur (0,5 ml) inniheldur 40 míkrógrömm af selvacovateini ónæmisglæddu með SQBA.

Selvacovatein er SARS-CoV-2 veiru raðbrigða gadda (S) prótein viðtakabindihneppi (RBD) samruna heteródímer (B.1.351 og B.1.1.7 stofnar), framleitt með raðbrigða erfðatækni með því að nota plasmíð tjáningarferju í frumulínu úr eggjastokkum kínverskra hamstra.

SQBA ónæmisglæðir sem í hverjum 0,5 ml skammti inniheldur: skvalen (9,75 mg), pólýsorbat 80 (1,18 mg), sorbítantrióleat (1,18 mg), natríumsítrat (0,66 mg), sítrónusýru (0,04 mg) og vatn fyrir stungulyf.

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Stungulyf, fleyti (til inndælingar)
Hvítt einsleitt fleyti.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Ábendingar

BIMERVAX er ætlað sem örvunarskammtur fyrir virka bólusetningu til að fyrirbyggja COVID-19 hjá einstaklingum 12 ára og eldri sem hafa þegar fengið mRNA COVID-19 bóluefni (sjá kafla 4.2 og 5.1).

Notkun þessa bóluefnis á að vera í samræmi við opinberar ráðleggingar.

4.2 Skammtar og lyfjagjöf

Skammtar

Einstaklingar 12 ára og eldri
Gefa skal stakan skammt (0,5 ml) af BIMERVAX í vöðva þegar að minnsta kosti 6 mánuðir eru liðnir frá fyrri gjöf mRNA COVID-19 bóluefnis (sjá kafla 5.1).
Einnig má gefa BIMERVAX þegar að minnsta kosti 6 mánuðir eru liðnir frá fyrri örvunarskammti af BIMERVAX.

Einstaklingar með skerta ónæmissvörun
Aukaskammta má gefa einstaklingum sem eru með alvarlega skerta ónæmissvörun í samræmi við opinberar tilvísanir, sjá kafla 4.4 og 5.1.

Aldraðir
Ekki er þörf á skammtaaðlögun hjá öldruðum einstaklingum ≥ 65 ára.

Börn
Ekki hefur enn verið sýnt fram á öryggi og verkun BIMERVAX hjá börnum yngri en 12 ára. Engar upplýsingar liggja fyrir.

Lyfjagjöf

BIMERVAX er eingöngu ætlað til gjafar í vöðva, helst í axlarvöðva á upphandlegg.

Ekki má gefa bóluefnið í æð, undir húð eða í húð.

Ekki má blanda bóluefninu við önnur bóluefni eða lyf í sömu sprautu.

Sjá varúðarreglur í kafla 4.4 sem skal fylgja áður en bóluefnið er gefið.

Sjá leiðbeiningar í kafla 6.6 um meðhöndlun og förgun bóluefnisins.

4.3 Frábendingar

Ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna sem talin eru upp í kafla 6.1.

4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

Rekjanleiki

Til þess að bæta rekjanleika líffræðilegra lyfja skal heiti og lotunúmer lyfsins sem gefið er vera skráð með skýrum hætti.

Ofnæmi og bráðaofnæmi

Tilkynnt hefur verið um bráðaofnæmi eftir gjöf COVID-19 bóluefna. Viðeigandi læknismeðferð og eftirlit ætti alltaf að vera til staðar ef bráðaofnæmisviðbrögð koma fram eftir gjöf bóluefnisins.

Mælt er með nánu eftirliti í að minnsta kosti 15 mínútur eftir bólusetningu.

Þeim sem hafa fengið bráðaofnæmi eftir fyrri skammt af BIMERVAX skal ekki gefa aftur skammt af bóluefninu.

Kvíðatengd viðbrögð

Kvíðatengd viðbrögð, þ.m.t. æða- og skreyjutaugarviðbrögð (yfirlið), oföndun eða streitutengd viðbrögð geta komið fyrir í tengslum við bólusetningu sem geðræn svörun við nálarstungu. Mikilvægt er að gera varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir áverka vegna yfirliðs.

Samhliða veikindi

Fresta verður bólusetningu hjá einstaklingum með bráð veruleg veikindi með háum hita eða bráða sýkingu. Ekki þarf að seinka bólusetningu vegna minniháttar sýkingar og/eða lítilsháttar hita.

Blóðflagnafæð og blóðstorkusjúkdómar

Eins og við á um aðrar inndælingar í vöðva, skal gefa bóluefnið með varúð hjá einstaklingum sem eru á segavarnandi meðferð og þeim sem eru með blóðflagnafæð eða einhvern blóðstorkusjúkdóm (svo sem dreyrasýki), vegna þess að blæðing eða mar getur komið fyrir eftir gjöf í vöðva hjá þessum einstaklingum.

Ónæmisbældir einstaklingar

Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um ónæmingargetu og öryggi bóluefnisins þegar það er gefið einstaklingum sem eru með skerta ónæmissvörun, þar með talið þeim sem eru á ónæmisbælandi meðferð (sjá kafla 5.1).. Verkun BIMERVAX getur verið minni hjá einstaklingum með skerta ónæmissvörun.

Tímalengd verndar

Tímalengd verndar sem bóluefnið veitir er ekki þekkt vegna þess að ennþá er verið að ákvarða hana í yfirstandandi klínískum rannsóknum.

Takmarkanir á verkun bóluefnis

Eins og á við um öll bóluefni getur verið að bólusetning með BIMERVAX verndi ekki alla sem fá bóluefnið.

Hjálparefni með þekkta verkun

Kalíum
Bóluefnið inniheldur minna en 1 mmól (39 mg) af kalíum í hverjum skammti, þ.e.a.s. er sem næst kalíumlaust.

Natríum
Bóluefnið inniheldur minna en 1 mmól (23 mg) af natríum í hverjum skammti, þ.e.a.s. er sem næst natríumlaust.

Pólýsorbati 80
Bóluefnið inniheldur 1,18 mg af pólýsorbati 80 í hverjum skammti. Pólýsorböt gætu valdið ofnæmisviðbrögðum.

4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Ekki hafa verið gerðar neinar rannsóknir á milliverkunum.

Samhliðagjöf BIMERVAX og annarra bóluefna hefur ekki verið rannsökuð.

4.6 Frjósemi, meðganga og brjóstagjöf

Meðganga

Engin reynsla er af notkun BIMERVAX hjá þunguðum konum. Dýrarannsóknir benda hvorki til beinna né óbeinna skaðlegra áhrifa m.t.t. meðgöngu, þroska fósturvísis/fósturs, fæðingar eða þroska eftir fæðingu (sjá kafla 5.3).

Aðeins skal íhuga gjöf BIMERVAX á meðgöngu þegar hugsanlegur ávinningur vegur þyngra en nokkur hugsanleg áhætta fyrir móðurina og fóstrið.

Brjóstagjöf

Ekki er þekkt hvort BIMERVAX skilst út í brjóstamjólk.

Ekki er búist við neinum áhrifum á börn sem eru á brjósti vegna þess að BIMERVAX dreifist í óverulegum mæli með blóðrás um líkama móðurinnar.

Frjósemi

Dýrarannsóknir benda hvorki til beinna né óbeinna skaðlegra áhrifa með tilliti til eiturverkana á æxlun, sjá kafla 5.3.

4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

BIMERVAX hefur engin eða óveruleg áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla. Hins vegar geta sumar aukaverkanir sem nefndar eru í kafla 4.8 haft tímabundin áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla.

4.8 Aukaverkanir

Samantekt á öryggi

Einstaklingar 18 ára og eldri
Algengustu aukaverkanirnar sem greint var frá eftir örvunarskammt af BIMERVAX hjá fullorðnum einstaklingum sem fengu frumbólusetningu með mRNA COVID-19 bóluefni voru verkur á stungustað (82,9%), höfuðverkur (30,9%), þreyta (31,1%) og vöðvaverkir (20,7%). Miðgildi tímalengdar staðbundinna og altækra aukaverkana var 1 til 3 dagar. Flestar aukaverkanir komu fyrir innan 3 daga eftir bólusetningu og voru vægar eða í meðallagi miklar að alvarleika.

Algengustu aukaverkanirnar sem greint var frá eftir auka örvunarskammt af BIMERVAX sem fjórða skammt voru verkir á stungustað (79,9%), höfuðverkur (25,0%) og þreyta (25,0%).. Miðgildi tímalengdar staðbundinna og altækra aukaverkana var 1 til 3 dagar. Flestar aukaverkanirnar komu fram innan 3 daga eftir bólusetninguna og voru vægar eða miðlungsmiklar að alvarleika.

Unglingar á aldrinum 12 til 17 ára
Algengustu aukaverkanirnar sem greint var frá eftir örvunarskammt af BIMERVAX hjá unglingum voru verkur á stungustað (77,5%), höfuðverkur (28,3%), þreyta (29,3%) og lasleiki (22,5%). Miðgildi tímalengdar staðbundinna og altækra aukaverkana var 1 til 3 dagar. Flestar aukaverkanir komu fram innan tveggja daga eftir bólusetningu og voru vægar til miðlungs alvarlegar.

Tafla yfir aukaverkanir

Öryggissniðið hér að neðan er byggt á sameinuðum öryggisupplýsingum sem komu fram í tveimur klínískum rannsóknum í fasa 2b og fasa 3 með samtals 3.156 þátttakendur 18 ára og eldri, sem fengu einn örvunarskammt af BIMERVAX að minnsta kosti 3 mánuðum eftir síðasta skammt af COVID -19 bóluefni. Miðgildi tímalengdar eftirfylgni með öryggi var 12 mánuðir hjá 99,4% einstaklinganna og 6 mánuðir hjá 0,6% einstaklinganna.

Öryggi annars örvunarskammts af BIMERVAX sem fjórða skammts var metið hjá 288 einstaklingum, 18 ára og eldri, sem höfðu annaðhvort fengið 3 skammta af COVID-19 mRNA bóluefnið (tozinameran) eða 2 skammta af COVID-19 mRNA bóluefnið (tozinameran) og 1 skammt af BIMERVAX og fengu annan örvunarskammt með BIMERVAX til viðbótar 6 til 12 mánuðum eftir þriðja skammtinn.

Öryggi örvunarskammts af BIMERVAX hjá unglingum á aldrinum 12 til 17 ára byggist á öryggisgögnum úr 3. stigs klínísku rannsókninni og 2b. stigs klínísku rannsókninni sem nú stendur yfir. Alls 276 þátttakendur, með og án sögu um fyrri SARS-CoV-2 smit, fengu örvunarskammt af BIMERVAX að minnsta kosti 3 mánuðum eftir síðasta skammt frumbólusetningarlotunnar.

Aukaverkanir sem komu fram meðan á klínískum rannsóknum stóð eru taldar upp hér að neðan samkvæmt eftirfarandi tíðniflokkum: mjög algengar (≥1/10), algengar (≥1/100 til <1/10), sjaldgæfar (≥1/1.000 til <1/100), mjög sjaldgæfar (≥1/10.000 til <1/1.000), koma örsjaldan fyrir (<1/10.000) og tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum).

Innan hvers tíðniflokks eru alvarlegustu aukaverkanirnar taldar upp fyrst.

Tafla 1: Aukaverkanir í klínískum rannsóknum á BIMERVAX hjá einstaklingum 12 ára og eldri

Flokkun eftir líffærum	Mjög algengar	Algengar	Sjaldgæfar	Mjög sjaldgæfar	Tíðni ekki þekkt
Blóð og eitlar		Eitlastækkanir[a]			
Taugakerfi	Höfuðverkur		Sundl Svefnhöfgi	Náladofi Minnkað snertiskyn	
Hjarta					Gollurshússbólga[c]
Meltingarfæri		Niðurgangur Uppköst Ógleði		Sársaukafull kynging Kviðverkir[b]	
Húð og undirhúð			Kláði	Ofsakláði Kaldur sviti Útbrot Roði	
Stoðkerfi og bandvefur	Vöðvaverkir		Liðverkir		
Almennar aukaverkanir og aukaverkanir á íkomustað	Verkur á stungustað Þreyta	Þroti á stungustað Roði á stungustað Herslismyndun á stungustað Hiti Sársauki í öxl	Þróttleysi Kuldahrollur Lasleiki Kláði á stungustað	Marblettur á stungustað Ofnæmi á stungustað	

[a] Þetta heiti inniheldur einnig tilvik sem tilkynnt voru sem eitlabólga
[b] Þetta heiti inniheldur einnig tilvik sem tilkynnt voru sem verkir í efri og neðri hluta kviðarhols
[c] Byggt á einu atviki meðan á klínískum rannsóknum stóð

Börn

Herslismyndun á stungustað, lasleiki, sársauki í öxl og liðverkir komu oftar fyrir hjá unglingum samanborið við fullorðna, og tíðnin var mjög algeng hjá unglingum.

Tilkynning aukaverkana sem grunur er um að tengist lyfinu

Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með sambandinu milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá Appendix V og tiltaka lotunúmer ef það liggur fyrir.

4.9 Ofskömmtun

Ef ofskömmtun á sér stað er mælt með eftirliti með lífsmörkum og mögulegri meðferð við einkennum.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: Bóluefni, Covid-19 bóluefni, ATC-flokkur: J07BN04

Verkunarháttur

BIMERVAX er raðbrigða próteinbóluefni þar sem virka efnið (mótefnavaki) er SARS-CoV-2 veiru raðbrigða gadda (S) prótein viðtakabindihneppi (RBD) samruna dímer . Eftir gjöf myndast ónæmissvörun, bæði vessabundin og frumubundin, gegn SARS-CoV-2 RBD mótefnavakanum. Hlutleysandi mótefni gegn RBD hneppi SARS-CoV-2 koma í veg fyrir að RBD bindist við ACE2

frumur og kemur þannig í veg fyrir himnusamruna og veirusýkingu. Ennfremur framkallar BIMERVAX mótefnavakasértæka T-frumu ónæmissvörun, sem getur stuðlað að vernd gegn COVID-19.

Verkun

Verkun BIMERVAX var ákvörðuð út frá ónæmisfræðilegri tengingu (immunobridging) við ónæmissvörun viðurkennds COVID-19 bóluefnis sem bóluefnisverkun hefur verið staðfest fyrir.

Ónæmingargeta

Einstaklingar 16 ára og eldri
Ónæmingargeta BIMERVAX var metin í einni 2b stigs, fjölsetra, klínískri lykilrannsókn (rannsókn HIPRA-HH-2) og í einni 3. stigs, fjölsetra, klínískri rannsókn (rannsókn HIPRA-HH-5).

HIPRA-HH-2
Rannsókn HIPRA-HH-2 er 2b stigs, tvíblind, slembiröðuð, fjölsetra, klínísk rannsókn með virkum samanburði sem er gerð til að sýna að verkun sé ekki lakari, til að meta ónæmingargetu og öryggi örvunarbólusetningar með BIMERVAX samanborið við COVID-19 mRNA bóluefnið (tozinameran), hjá fullorðnum sem eru fullbólusettir gegn COVID-19 með mRNA bóluefni að minnsta kosti 6 mánuðum fyrir skráningu í rannsóknina. Þessi 2b stigs klíníska rannsókn útilokaði þungaðar konur, einstaklinga sem voru með skerta ónæmissvörun eða höfðu fengið ónæmisbælandi lyf innan 12 vikna, sem og einstaklinga með fyrri COVID-19 sýkingu. Einnig þurftu að lágmarki 3 mánuðir að hafa liðið frá því að einstaklingar höfðu fengið einhverja ónæmismeðferð (einstofna mótefni, plasma) fram að rannsókninni.

Alls voru 765 þátttakendur bólusettir; 513 þátttakendur fengu BIMERVAX og 252 þátttakendur fengu COVID-19 mRNA bóluefnið (tozinameran). Alls var 751 þátttakandi greindur (504 þátttakendur sem fengu BIMERVAX og 247 þátttakendur sem fengu COVID-19 mRNA bóluefni) að undanskildum þeim sem greindust jákvæðir fyrir COVID-19 innan 14 daga frá því að þeir fengu örvunarskammtinn. Slembiröðun var lagskipt eftir aldurshópum (18-64 ára samanborið við ≥65 ára). Miðgildi aldurs var 42 ár (á bilinu 19 til 76 ár), með svipuðu aldursbili í báðum bóluefnaörmunum, þ.m.t. voru 7,4% sjúklinga 65 ára og eldri í hópnum sem fékk BIMERVAX bóluefni og 7,1% sjúklinga voru 65 ára og eldri í hópnum sem fékk COVID-19 mRNA bóluefni.

Ónæmingargeta örvunarskammts af BIMERVAX byggðist á mati á margfeldismeðaltali títra (geometric mean titres, GMT) hlutleysandi mótefna, mældum með PBNA-prófi (pseudovirion-based neutralization assay) gegn SARS-CoV-2 (D614G) stofni, Beta, Delta og Omicron BA.1 afbrigðum. GMT hlutfallið er niðurstaða GMT gilda (ID_{50}) COVID-19 mRNA bóluefnis (tozinameran)/BIMERVAX. Ályktað er að staðfesting á að verkun BIMERAX sé ekki lakari en verkun COVID-19 mRNA bóluefnis (tozinameran) sé fengin ef efri mörk 2-hliða 95% öryggisbils (CI) GMT hlutfallsins eru < 1,4. Ályktað er að BIMERVAX hafi yfirburði yfir COVID-19 mRNA bóluefnið (tozinameran) ef efri mörk 2-hliða 95% öryggisbils (CI) GMT hlutfallsins eru < 1,0 (sjá töflu 2, GMT hlutfallsdálkinn).

Tafla 2: GMT hlutfall eftir gjöf örvunarskammts af BIMERVAX samanborið við COVID-19 mRNA bóluefni (tozinameran) með hlutleysandi mótefnum (PBNA) gegn SARS-CoV-2 (D614G stofni), Beta, Delta og Omicron BA.1 á dögum 14, 28, 98 og 182 eftir örvunarskammt (þýði samkvæmt rannsóknaráætlun)

	BIMERVAX N=504		COVID-19 mRNA bóluefni (tozinameran) N=247		COVID-19 mRNA bóluefni (tozinameran) / BIMERVAX
	GMT	95% CI	GMT	95% CI	GMT hlutfall; (95% CI)
Dagur 14 eftir örvunarskammt					
D614G stofn	1.949,44	1.696,03; 2.240,72	3.302,34	2.793,60; 3.903,73	1,69 (1,44; 2,00)
Beta	4.268,18	3.701,04; 4.922,21	2.608,59	2.188,98; 3.108,63	0,61 (0,51; 0,73)
Delta	1.459,98	1.282,22; 1.662,37	1.473,73	1.253,18; 1.733,10	1,01 (0,85; 1,20)
Omicron BA.1	2.032,63	1.773,66; 2.329,40	1.209,23	1.019,34; 1.434,50	0,59 (0,50; 0,71)
Dagur 28 eftir örvunarskammt					
D614G stofn	2.241,24	1.949,80; 2.576,24	2.947,35	2.494,84; 3.481,94	1,32 (1,12; 1,55)
Beta	3.754,90	3.255,80; 4.330,50	2.437,02	2.046,38; 2.902,22	0,65 (0,54; 0,78)
Delta	1.706,85	1.498,96; 1.943,58	1.508,08	1.283,26; 1.772,30	0,88 (0,74; 1,05)
Omicron BA.1	1.516,12	1.322,89; 1.737,58	987,53	833,05; 1.170,66	0,65 (0,54; 0,78)
Dagur 98 eftir örvunarskammt (N: BIMERVAX: 78; N: tozinameran: 42 undirhópur samkvæmt rannsóknaráætlun)					
D614G stofn	1.193,17	931,14; 1.528,94;	1.054,61	761,88; 1.459,83	0,88 (0,60; 1,30)
Beta	1.980,37	1.526,63; 2.568,98	1.150,92	815,99; 1.623,32	0,58 (0,39; 0,88)
Delta	1.981,10	1.547,00; 2.537,02	1.014,07	730,25; 1.408,20	0,51 (0,35; 0,76)
Omicron BA.1	668,25	514,73; 867,56	400,71	283,27; 566,83	0,60 (0,40; 0,91)
Dagur 182 eftir örvunarskammt					
D614G stofn	1.213,44	1.055,38; 1.395,17	752,09	636,46; 888,74	0,62 (0,53; 0,73)
Beta	2.554,58	2.214,40; 2.947,01	1.774,54	1.489,68; 2.113,88	0,69 (0,58; 0,83)
Delta	2.306,86	2.025,18; 2.627,72	1.256,46	1.068,85; 1.477,02	0,54 (0,46; 0,65)
Omicron BA.1	882,67	769,93; 1.011,91	667,30	562,74; 791,28	0,76 (0,63; 0,91)

N: fjöldi þátttakenda í þýði samkvæmt rannsóknaráætlun.
Skammstafanir: GMT = margfeldismeðaltal títra (Geometric Mean Titre); CI (Confidence intervals) = öryggisbil; PBNA = PBNA-próf (pseudovirion-based neutralisation assay)

Ónæmingargeta annars örvunarskammts af BIMERVAX til viðbótar var metin hjá alls 288 einstaklingum 18 ára og eldri. Einstaklingarnir höfðu áður fengið annað hvort 2 skammta af COVID-19 mRNA bóluefnið (tozinameran) og einn skammt af BIMERVAX (hópur 1) eða 3 skammta af COVID-19 mRNA bóluefnið (tozinameran) (hópur 2) og fengu annan örvunarskammt af BIMERVAX til viðbótar 6 til 12 mánuðum eftir fyrri skammtinn. Af þeim voru 190 einstaklingar greindir í verkunarhópnum (80 þátttakandi í hópi 1 og 110 þátttakendur í hópi 2). Miðgildi aldurs var 49 ár (á bilinu: 20 til 82 ár), og var aldursbilið svipað í báðum hópunum, þar með talið 11,5% þátttakenda sem voru 65 ára og eldri.

Ónæmingargeta BIMERVAX sem annars örvunarskammts til viðbótar var byggð á mati á margfeldismeðaltali títra (GMT) af hlutleysandi mótefnum, sem mæld voru með PBNA-prófi (pseudovirion-based neutralization assay), gegn Beta, Delta, Omicron BA.1 og Omicron BA.4/5 afbrigðum. GMT hlutfall er niðurstaða GMT gilda (ID_{50}) 3 skammta af COVID-19 mRNA bóluefni (tozinameran)/annars örvunarskammts af BIMERVAX til viðbótar gefnum eftir 3 skammta af COVID-19 mRNA bóluefni (tozinameran) eða gefnum eftir 2 skammta af COVID-19 mRNA bóluefni og einn skammt af BIMERVAX. Ályktað er að annar örvunarskammtur af BIMERVAX til viðbótar hafi yfirburði ef efri mörk tvíhliða 95% öryggisbilsins (CI) GMT hlutfallsins eru < 1 (sjá töflu 3, GMT hlutfallsdálkinn).

Tafla 3: Magn hlutleysandi mótefna (PBNA) og GMT hlutfall eftir annan örvunarskammt til viðbótar með BIMERVAX, sem er gefinn annaðhvort eftir grunnbólusetningu með mRNA COVID-19 bóluefni og örvunarskammt með BIMERVAX (hópur 1) eða eftir grunnbólusetningu með mRNA COVID-19 bóluefni og örvunarskammt með mRNA COVID-19 bóluefni (hópur 2), gegn Beta, Delta, Omicron BA.1 og Omicron BA.4/5 á dögum 14, 98 og 182 eftir örvunarskammt (þýði samkvæmt rannsóknaráætlun)

	Hópur 1 **2 skammtar af COVID-19 mRNA +** **2 skammtar af BIMERVAX**			**Hópur 2** **3 skammtar af COVID-19 mRNA +** **1 skammtur af BIMERVAX**		
	Eftir skammt 3 **GMT** **(95% CI)** **N=38**	**Eftir skammt 4** **GMT** **(95% CI)** **N=80**	**GMT** **hlutfall** **(95%CI)**	**Eftir skammt 3** **GMT** **(95% CI)** **N=38**	**Eftir skammt 4** **GMT** **(95% CI)** **N=110**	**GMT** **hlutfall** **(95%CI)**
Dagur 14 eftir örvunarskammt						
Beta	2.547,34 (1.741,36; 3.726,35)	5.790,20 (4.371,05; 7.670,09)	0,44 (0,28; 0,68)	2.783,85 (1.975,09; 3.923,79)	6.383,89 (5.057,19; 8.058,64)	0,44 (0,31; 0,62)
Delta	1.565,21 (1.041,33; 2.352,66)	5.199,90 (3.752,82; 7.204,97)	0,30 (0,20; 0,46)	1.637,19 (1.130,5; 2.370,9)	4.085,85 (3.057,24; 5.460,52)	0,40 (0,28, 0,57)
Omicron BA.1	1.528,68 (970,94; 24.06,80)	3.580,61 (2.492,90; 5.142,92)	0,43 (0,27; 0,69)	1.739,02 (1.121,56; 2.696,41)	4.049,01 (2.795,38; 5.864,84)	0,43 (0,28; 0,65)
Omicron BA.4/5	1.094,55 (720,53; 1.662,72)	2.945,40 (2.216,80; 3.913,50)	0,37 (0,22; 0,62)	1.295,76 (845,10; 1.986,75)	2.506,46 (1.849,64; 3.396,52)	0,52 (0,34; 0,78)
Dagur 98 eftir örvunarskammt						
Beta	1.544,65 (773,99; 3.082,64)	4.609,95 (3.474,24; 6116,91)	0,34 (0,16; 0,69)	1.601,47 (849,42; 3.019,37)	3.743,39 (2.951,87; 4.747,14)	0,43 (0,23; 0,81)
Delta	1.330,09 (672,40; 2.631,08)	1.864,55 (1.343,99; 2.586,73)	0,71 (0,36; 1,43)	1.102,65 (569,19; 2.136,06)	1.746,82 (1.305,89; 2.336,63)	0,63 (0,33; 1,22)
Omicron BA.1	461,12 (214,68; 990,45)	2.110,41 (1.467,27; 3.035,45)	0,22 (0,10; 0,48)	520,63 (242,27; 1.118,79)	1.980,84 (1.371,69; 2.860,50)	0,26 (0,12; 0,56)
Omicron BA.4/5	EÁ	1.886,95 (1.418,08; 2.510,85)	EÁ	EÁ	1.574,26 (1.156,85; 2.142,28)	EÁ
Dagur 182 eftir örvunarskammt						
Beta	809,61 (555,69; 1.179,56)	2.415,77 (1.814,55; 3.216,20)	0,34 (0,22; 0,52)	890,39 (633,9; 1.250,6)	2.088,80 (1.643,29; 2.655,08)	0,43 (0,30; 0,60)
Delta	732,92 (489,25; 1.097,95)	1.309,33 (941,50; 1.820,86)	0,56 (0,37; 0,85)	771,85 (534,93; 1.113,71)	1.337,38 (999,37; 1.789,72)	0,58 (0,40; 0,83)
Omicron BA.1	357,34 (227,83; 560,47)	1.756,94 (1.218,19; 2.533,97)	0,20 (0,13; 0,33)	404,87 (262,13; 625,33)	1.900,74 (1.315,82; 2.745,67)	0,21 (0,14; 0,32)

Omicron BA.4/5	EÁ	1.836,26 (1.373,92; 2.454,19)	EÁ	EÁ	1.604,42 (1.179,06; 2.183,22)	EÁ

N: Fjöldi þátttakenda með fyrirliggjandi gögn fyrir viðeigandi endapunkt
Skammstafanir: GMT = margfeldismeðaltal títra (Geometric Mean Titre); CI: öryggisbil (Confidence intervals); EÁ: ekki ákvarðað

HIPRA-HH-5
Rannsóknin er yfirstandandi, opin, eins arms, fjölsetra, 3. stigs klínísk rannsókn gerð til að meta öryggi og ónæmingargetu örvunarbólusetningar með BIMERVAX til að koma í veg fyrir COVID-19 sjúkdóm hjá einstaklingum sem eru bólusettir með ýmsum grunnbólusetningaráætlunum, með eða án fyrri, en ekki alvarlegra, COVID-19 sýkinga. BIMERVAX var gefið að minnsta kosti 91 degi eftir síðasta skammtinn eða að minnsta kosti 30 dögum eftir COVID-19 sýkinguna. Þessi 3. stigs klíníska rannsókn útilokaði þungaðar konur, einstaklinga sem voru með skerta ónæmissvörun eða höfðu fengið ónæmisbælandi lyf innan 12 vikna. Einnig þurftu að lágmarki 3 mánuðir að hafa liðið frá því að einstaklingar höfðu fengið einhverja ónæmismeðferð (einstofna mótefni, plasma) fram að rannsókninni.

Bráðabirgðaskýrslan inniheldur gögn frá alls 2.646 einstaklingum sem voru bólusettir með BIMERVAX sem örvunarskammti hjá heilbrigðum einstaklingum (a.m.k. 16 ára) sem áður voru bólusettir með mismunandi COVID-19 bóluefnum (mRNA COVID-19 bóluefnum: tozinameran og elasomeran og adenóveiru-vektor bóluefnum (COVID-19 bóluefni (ChAdOx1-S [raðbrigða]) og COVID-19 bóluefni (Ad26.COV2-S [raðbrigða]). Þar af voru 230 (8%) einstaklingar með í ónæmingargetuþýðinu. Í greiningunni á ónæmingargetu voru allir þátttakendurnir í hópnum sem fékk COVID-19 mRNA bóluefnið (tozinameran)/ COVID-19 mRNA bóluefnið (tozinameran) bóluefni á aldrinum 16-17 ára.

Á heildina litið var miðgildi aldurs 34,4 ár (á bilinu: 16 til 85 ára). Þátttakendur skiptust jafnt á milli kynja, 52,49% karlar og 47,47% konur.

Ónæmingargeta var mæld með PBNA-prófi (pseudovirion-based neutralization assay) gegn SARS-CoV-2 (D614G) stofni og gegn Beta, Delta og Omicron BA.1. Gögn um GMT (margfeldismeðaltal títra: ID_{50}) í upphafi (fyrir gjöf örvunarskammts) og á 14. degi (2 vikum eftir gjöf örvunarskammts) eru sett fram í eftirfarandi töflu.

Tafla 4: Margfeldismeðaltal títra (GMT) hlutleysandi mótefna á 14. degi eftir gjöf örvunarskammts af BIMERVAX hjá einstaklingum 16 ára og eldri – greining samkvæmt rannsóknaráætlun

	mRNA grunnbólusetning (tozinameran) 16-17 ára N=11		**Adenóveiru-vektor grunnbólusetning (ChAdOx1-S raðbrigða) ≥ 18 ára N=40**		**mRNA grunnbólusetning (elasomeran) ≥ 18 ára N=171**	
	GMT	95% CI	GMT	95% CI	GMT	95% CI
Fyrir örvunarskammt						
D614G stofn	720,10	356,96; 1452,64	288,58	194,56; 428,02	657,49	499,52; 865,43
Beta	471,68	208,39; 1.067,60	539,49	345,97; 841,26	497,77	376,98; 657,26
Delta	803,84	376,27; 1.717,26	283,75	182,43; 441,35	914,68	657,97; 1.271,55
Omicron BA.1	257,99	99,98; 665,71	159,34	94,02; 270,05	221,62	155,51; 315,84
Dagur 14 eftir örvunarskammt						
D614G stofn	4.753,65	2.356,45; 9.589,48	2.298,81	1.549,89; 3.409,63	4.437,27	3.371,158; 5.840,55

Beta	8.820,74	3.897,14; 19.964,72	5.009,47	3.212,53; 7.811,54	6.857,95	5.193,76; 9.055,38
Delta	7.564,79	3.541,05; 16.160,76	2.600,31	1.671,78; 4.044,56	5.811,47	4.180,44; 8.078,87
Omicron BA.1	5.757,43	2.231,25; 14.856,19	1.847,41	1.090,05; 3.131,00	4.379,81	3.073,24; 6.241,85

N: Fjöldi þátttakenda með fyrirliggjandi gögn fyrir viðeigandi endapunkt
Skammstafanir: GMT = margfeldismeðaltal títra (Geometric Mean Titre); CI: öryggisbil (Confidence intervals)

Unglingar á aldrinum 12 til 17 ára
Ónæmingargeta BIMERVAX hjá einstaklingum á aldrinum 12 til 17 ára var metin í fjölsetra klínískri 2b. stigs rannsókn sem nú stendur yfir (rannsókn HIPRA-HH-3).

HIPRA-HH-3
Þessi rannsókn er opin, einarma, fjölsetra, 2b. stigs klínísk rannsókn til að sýna að bóluefni sé ekki óæðra en ónæmissvörun örvunarbólusetningar með BIMERVAX hjá unglingum á aldrinum 12 til 17 ára. BIMERVAX var gefið að minnsta kosti 6 mánuðum eftir síðasta skammt af aðalmeðferðarlotunni. Í HIPRA-HH-3 rannsókninni voru unglingar, sem voru barnshafandi og unglingar með skert ónæmiskerfi, eða sem höfðu fengið ónæmisbælandi lyf innan 90 daga, útilokaðir. Þátttakendur með þekkta sögu um SARS-CoV-2 smit voru útilokaðir frá ónæmissvörunargreiningunni.

Þegar bráðabirgðagreiningin fór fram voru alls 240 unglingar bólusettir með örvunarskammti af BIMERVAX. Af þeim voru 88 einstaklingar hæfir fyrir ónæmissvörunargreiningu. Í aðal ónæmissvörunargreiningunni, sem mæld var með Pseudovirion-byggðu hlutleysingarprófi (Pseudovirion-based neutralisation assay, PBNA), voru borin saman rúmfræðilegt meðaltal (GMT) hlutleysandi títrunarmótefna gegn Omicron BA.1 við þau sem komu fram hjá ungum fullorðnum þátttakendum (á aldrinum 18 til 25 ára) úr lykil 2b. stigs rannsókninni á fullorðnum (HIPRA-HH-2) við upphafsgildi og á degi 14 (2 vikum eftir gjöf örvunarskammts). Báðir þátttakendahóparnir sem tóku þátt í greiningunni höfðu enga fyrri skjalfesta sögu um SARS-CoV-2 smit.

Gögn um hlutleysandi títrunarmótefna gegn Omicron BA.1 við upphafsgildi (fyrir gjöf örvunarskammts) og á degi 14 eftir bólusetningu eru gefin upp í eftirfarandi töflu.

Tafla 5: Hlutleysandi títrunarmótefna gegn Omicron BA.1, 14 dögum eftir örvunarskammt með BIMERVAX hjá unglingum á aldrinum 12 til 17 ára (ónæmissvörunarhópur)

	Tölfræði	**Unglingar (12-15 ára) (N = 61)**	**Unglingar (16-17 ára) (N = 27)**	**Heild (12-17 ára) N= (88)**
Upphafsgildi	**Margfeldismeðaltal**	1.240,77	1.457,30	1.303,54
	95% CI	894,78; 1.720,55	984,9; 2.156,3	1.016,05; 1.672,39
Dagur 14	**Margfeldismeðaltal**	22.970,81	26.792,00	24.081,34
	95% CI	18.033,27; 29.260,25	20.150,31; 35.622,86	19.741,36; 29.375,43
	GMFR	18,51	18,38	18,47
	95% CI	13,28; 25,81	13,15; 25,71	14,41; 23,69
	≥ 4- föld breyting frá upphafsgildi, n (%)	54 (88,5)	27 (100)	81 (92)
	95% CI	77,8; 95,3	87,2; 100	84,3; 96,7

N: Fjöldi þátttakenda með fyrirliggjandi gögn fyrir viðeigandi endapunkt
Skammstafanir: GMFR = Rúmfræðileg meðalaukning (Geometric Mean Fold Rise); CI: öryggisbil (Confidence intervals)

Aldraðir

Sýnt hefur verið fram á ónæmingargetu BIMERVAX hjá öldruðum (≥ 65 ára) þar með talið 38 (7,4%) einstaklingum sem fengu BIMERVAX.

Þýði sem er með skerta ónæmissvörun

Ónæmingargeta og öryggi örvunarskammts af BIMERVAX var metið í fasa 2b/3, opinni, einarma, fjölsetra klínískri rannsókn (HIPRA-HH-4) hjá fullorðnum með voru með ónæmisbælandi sjúkdóma fyrir, þar með talið fólk sem er með alnæmisveirusýkingu (HIV) með viðvarandi CD4 T-frumufjölda < 400/mm^3 á síðustu 6 mánuðum, hafa fengið nýrnaígræðslu á viðhaldsónæmisbælandi meðferð, blóðskilun/kviðskilun, frummótefnaskorti á IgG uppbótarmeðferð og sjálfsofnæmissjúkdómi við meðferð með rituximabi/ocrelizumabi. Örvunarskammtur af BIMERVAX var gefinn að minnsta kosti 91 degi eftir 3 fyrri COVID-19 bóluefnsskammta eða eftir 2 skammta auk skjalfestrar sögu um COVID-19. Þátttakendur með sögu um COVID-19 sjúkdóminn máttu vera með ef þeir greindust að minnsta kosti 91 degi fyrir skráninguna.

Alls voru 238 einstaklingar bólusettir með BIMERVAX örvunarskammti og alls voru 228 þátttakendur greindir, að frátöldum þeim sem reyndust jákvæðir fyrir COVID-19 innan 14 daga frá örvunargjöfinni. Miðgildi aldurs var 56 ára (mælisvið: 21 til 90 ára).

Ónæmingargeta var mæld með veiruhlutleysunarprófi sem byggir á gerviveirueindum (pseudovirion-based neutralization assay, PBNA) gegn SARS-CoV-2 (D614G) stofni og gegn Beta, og Omicron BA.1 og BA.4/5 allt að 12 mánuði eftir örvunarskammt í öllum ónæmisbælandi aðstæðum sem rannsakaðar voru, nema hjá einstaklingum sem voru með alnæmisveirusýkingu þar sem ónæmingargeta var mæld með veiruhlutleysunarprófi (virus neutralisation assay, VNA) gegn SARS-CoV-2 (D614G) stofni og gegn Omicron BA.2. BIMERVAX örvunarskammtur jók vessabundna ónæmissvörun við allar ónæmisbælandi aðstæður, nema hjá einstaklingum með sjálfsofnæmissjúkdóm á rituximab/ocrelizumab meðferð. Samt sem áður var ekki gerður samanburður við einstaklinga með heilbrigt ónæmiskerfi til að upplýsa um umfang á mögulegum mun hvað varðar ónæmissvörun. Þess vegna er klínískt mikilvægi ónæmissvörunar sem greint hefur verið frá hjá einstaklingum sem eru með skerta ónæmissvörun ekki þekkt.

Börn

Lyfjastofnun Evrópu hefur frestað kröfu um að lagðar séu fram niðurstöður úr rannsóknum á BIMERVAX hjá einum eða fleiri undirhópum barna við forvarnir gegn COVID-19 (sjá upplýsingar í kafla 4.2 um notkun handa börnum).

5.2 Lyfjahvörf

Á ekki við.

5.3 Forklínískar upplýsingar

Forklínískar upplýsingar benda ekki til neinnar sérstakrar hættu fyrir menn, á grundvelli hefðbundinna rannsókna á eiturverkunum eftir endurtekna skammta.

Eiturverkanir á erfðaefni og krabbameinsvaldandi áhrif

BIMERVAX hefur ekki verið metið með tilliti til eiturverkana á erfðaefni eða krabbameinsvaldandi áhrifa. Ekki er búist við að innihaldsefni bóluefnisins hafi eiturverkanir á erfðaefni eða krabbameinsvaldandi áhrif.

Eiturverkanir á æxlun

Rannsókn á eiturverkunum á þroska og æxlun var gerð á kvenkyns og karlkyns rottum fyrir pörun og á meðgöngu. BIMERVAX var gefið í vöðva (jafngildi fulls skammts fyrir menn) fjórum sinnum hjá kvendýrum, 21 og 14 dögum fyrir pörun og á degi 9 og degi 19 á meðgöngu. Karldýr fengu gjöf þrisvar sinnum, 35, 28 og 6 dögum fyrir pörun. Engar aukaverkanir tengdar bóluefninu komu fram á frjósemi, meðgöngu/mjólkurgjöf, þroska fósturvísis/fósturs eða afkvæmi.

6. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

6.1 Hjálparefni

Tvínatríumfosfat dódekahýdrat
Kalíum tvíhýdrógenfosfat
Natríumklóríð
Kalíumklóríð
Vatn fyrir stungulyf

Sjá kafla 2 um ónæmisglæði.

6.2 Ósamrýmanleiki

Ekki má blanda þessu lyfi saman við önnur lyf eða þynna það.

6.3 Geymsluþol

Órofið fjölskammta hettuglas

21 við mánuðir 2 ºC – 8 ºC.

Rofið fjölskammta hettuglas

Sýnt hefur verið fram á efna- og eðlisfræðilegan stöðugleika meðan á notkun stendur í 6 klukkustundir við 2 °C til 8 °C frá þeim tíma sem fyrstu nálinni er stungið í hettuglasið.

Frá örverufræðilegu sjónarmiði skal nota bóluefnið tafarlaust eftir að hettuglasið hefur verið rofið (fyrstu nálinni stungið í hettuglasið). Ef það er ekki notað tafarlaust eru geymslutími og geymsluskilyrði við notkun á ábyrgð notanda.

Stakskammta hettuglas

1 ár við 2 ºC – 8 ºC.

6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið í kæli (2 °C – 8 °C)
Má ekki frjósa.

Geymið hettuglösin í ytri umbúðum til varnar gegn ljósi.

Geymsluskilyrði fyrir fjölskammta hettuglas eftir að pakkning lyfsins hefur verið rofin, sjá kafla 6.3.

6.5 Gerð íláts og innihald

Fjölskammta hettuglas

5 ml af fleyti í margskammta hettuglasi (gler af gerð I) sem er lokað með tappa úr gúmmílíki af gerð I og álinnsigli með plastloki sem hægt er að smella af.

Hvert fjölskammta hettuglas inniheldur: 10 skammta sem eru 0,5 ml hver

Pakkningastærð: 10 fjölskammta hettuglös.

Stakskammta hettuglas

0,5 ml af fleyti í stakskammta hettuglasi (gler af gerð I) sem er lokað með tappa úr gúmmílíki af gerð I og álinnsigli með plastloki sem hægt er að smella af.

Hvert stakskammta hettuglas inniheldur: 1 skammt sem er 0,5 ml.

Pakkningastærðis: 5, 10 eða 20 stakskammta hettuglös.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

6.6 Sérstakar varúðarráðstafanir við förgun og önnur meðhöndlun

Leiðbeiningar um meðhöndlun og lyfjagjöf

Heilbrigðisstarfsmaður skal meðhöndla bóluefnið að viðhafðri smitgát til að tryggja sæfingu hvers skammts.

Undirbúningur fyrir notkun
- Bóluefnið kemur tilbúið til notkunar.
- Órofið bóluefni skal geyma við 2 °C til 8 °C í ytri umbúðum til varnar gegn ljósi.
- Rétt fyrir notkun skal taka hettuglasið með bóluefninu úr ytri umbúðum.
- Eftir fyrstu stungu í fjölskammta hettuglasið skal skrá dagsetningu og tímasetningu förgunar (6 klukkustundum eftir fyrstu ástungu) á tiltekna svæðið á merkimiðanum á hettuglasinu.

Skoðið hettuglasið
- Hvirflið hettuglasinu varlega áður en og á milli þess sem hver skammtur er dreginn upp úr fjölskammta hettuglasi. Má ekki hrista.
- Hvert hettuglas inniheldur hvítt og einsleitt fleyti.
- Skoðið bóluefnið til að athuga hvort sýnilegar agnir og/eða litabreytingar séu til staðar áður en bóluefnið er gefið. Gefið ekki bóluefnið ef eitthvað af þessu er til staðar.

Gefið bóluefnið
- Hvert fjölskammta hettuglas inniheldur umframmagn til þess að tryggja að hægt sé að draga upp hámarksfjöldann 10 skammta (fjölskammta hettuglas) eða 1 skammt (stakskammta hettuglas) sem eru 0,5 ml hver. Fleygið bóluefninu sem er eftir í stakskammta hettuglasinu eða í fjölskammta hettuglasinu þegar 10 skammtar hafa verið dregnir upp.
- Draga skal hvern 0,5 ml skammt upp með sæfðri nál í sæfða sprautu og gefa með inndælingu í vöðva, helst í axlarvöðva á upphandlegg.
- Þegar bóluefnið hefur verið dregið upp í sprautuna er það stöðugt í að minnsta kosti 6 klukkustundir, annað hvort í kæli eða við stofuhita (< 25 °C).
- Ekki má blanda bóluefninu við önnur bóluefni eða lyf í sömu sprautu.
- Ekki má safna saman umfram bóluefni úr mörgum hettuglösum.

Geymsla eftir fyrstu nálarstungu fjölskammta hettuglassins

- Geymið rofið fjölskammta hettuglas við 2 °C til 8 °C í allt að 6 klukkustundir eftir fyrstu ástungu.

Fleygið bóluefninu ef það er ekki notað innan 6 klukkustunda frá því að fyrst var stungið í fjölskammta hettuglasið, sjá kafla 6.3.

Förgun
Farga skal öllum lyfjaleifum og/eða úrgangi í samræmi við gildandi reglur.

7. MARKAÐSLEYFISHAFI

Hipra Human Health, S.L.U.
Avda. la Selva, 135
17170 Amer (Girona)
SPÁNN

8. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/22/1709/001
EU/1/22/1709/002
EU/1/22/1709/003
EU/1/22/1709/004

9. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS/ENDURNÝJUNAR MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 30. mars 2023

10. DAGSETNING ENDURSKOÐUNAR TEXTANS

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu https://www.ema.europa.eu.

▼Þetta lyf er undir sérstöku eftirliti til að nýjar upplýsingar um öryggi lyfsins komist fljótt og örugglega til skila. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu. Í kafla 4.8 eru upplýsingar um hvernig tilkynna á aukaverkanir.

1. HEITI LYFS

BIMERVAX XBB.1.16 stungulyf, fleyti
COVID-19 bóluefni (raðbrigða, ónæmisglætt)

2. INNIHALDSLÝSING

Þetta er stakskammta hettuglas sem inniheldur 1 skammt sem er 0,5 ml.

Einn skammtur (0,5 ml) inniheldur 40 míkrógrömm af damlecovatein ónæmisglæddu með SQBA.

Damlecovatein er SARS-CoV-2 veiru raðbrigða gadda (S) prótein viðtakabindihneppi (RBD) samruna hómódíme (Omicron XBB.1.16 – XBB.1.16 stofn), framleitt með raðbrigða erfðatækni með því að nota plasmíð tjáningarferju í frumulínu úr eggjastokkum kínverskra hamstra.

SQBA ónæmisglæðir sem í hverjum 0,5 ml skammti inniheldur: skvalen (9,75 mg), pólýsorbat 80 (1,18 mg), sorbítantrióleat (1,18 mg), natríumsítrat (0,66 mg), sítrónusýru (0,04 mg) og vatn fyrir stungulyf.

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Stungulyf, fleyti (til inndælingar)
Hvítt einsleitt fleyti.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Ábendingar

BIMERVAX XBB.1.16 er ætlað til virkrar bólusetningar til að koma í veg fyrir COVID-19 af völdum SARS-CoV-2 hjá einstaklingum 12 ára og eldri.

Notkun þessa bóluefnis á að vera í samræmi við opinberar ráðleggingar.

4.2 Skammtar og lyfjagjöf

<u>Skammtar</u>

Einstaklingar 12 ára og eldri
Gefa skal stakan skammt í vöðva (0,5 ml) af BIMERVAX XBB.1.16 án tillits til fyrri COVID-19 bólusetningar (sjá kafla 5.1).
Fyrir einstaklinga sem hafa áður verið bólusettir með COVID-19 bóluefni skal gefa BIMERVAX XBB.1.16 þegar að minnsta kosti 6 mánuðir eru liðnir frá fyrri skammti af COVID-19 bóluefni.

Einstaklingar með skerta ónæmissvörun
Aukaskammta má gefa einstaklingum sem eru með alvarlega skerta ónæmissvörun í samræmi við opinberar tilvísanir, sjá kafla 4.4 og 5.1.

Aldraðir
Ekki er þörf á skammtaaðlögun hjá öldruðum einstaklingum ≥ 65 ára.

Börn
Ekki hefur enn verið sýnt fram á öryggi og verkun BIMERVAX XBB.1.16 hjá börnum yngri en 12 ára. Engar upplýsingar liggja fyrir.

Lyfjagjöf

BIMERVAX XBB.1.16 er eingöngu ætlað til gjafar í vöðva, helst í axlarvöðva á upphandlegg.

Ekki má gefa bóluefnið í æð, undir húð eða í húð.

Ekki má blanda bóluefninu við önnur bóluefni eða lyf í sömu sprautu.

Sjá varúðarreglur í kafla 4.4 sem skal fylgja áður en bóluefnið er gefið.

Sjá leiðbeiningar í kafla 6.6 um meðhöndlun og förgun bóluefnisins.

4.3 Frábendingar

Ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna sem talin eru upp í kafla 6.1.

4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

Rekjanleiki

Til þess að bæta rekjanleika líffræðilegra lyfja skal heiti og lotunúmer lyfsins sem gefið er vera skráð með skýrum hætti.

Ofnæmi og bráðaofnæmi

Tilkynnt hefur verið um bráðaofnæmi eftir gjöf COVID-19 bóluefna. Viðeigandi læknismeðferð og eftirlit ætti alltaf að vera til staðar ef bráðaofnæmisviðbrögð koma fram eftir gjöf bóluefnisins.

Mælt er með nánu eftirliti í að minnsta kosti 15 mínútur eftir bólusetningu.

Þeim sem hafa fengið bráðaofnæmi eftir fyrri skammt af BIMERVAX skal ekki gefa aftur skammt af bóluefninu.

Kvíðatengd viðbrögð

Kvíðatengd viðbrögð, þ.m.t. æða- og skreyjutaugarviðbrögð (yfirlið), oföndun eða streitutengd viðbrögð geta komið fyrir í tengslum við bólusetningu sem geðræn svörun við nálarstungu. Mikilvægt er að gera varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir áverka vegna yfirliðs.

Samhliða veikindi

Fresta verður bólusetningu hjá einstaklingum með bráð veruleg veikindi með háum hita eða bráða sýkingu. Ekki þarf að seinka bólusetningu vegna minniháttar sýkingar og/eða lítilsháttar hita.

Blóðflagnafæð og blóðstorkusjúkdómar

Eins og við á um aðrar inndælingar í vöðva, skal gefa bóluefnið með varúð hjá einstaklingum sem eru á segavarnandi meðferð og þeim sem eru með blóðflagnafæð eða einhvern blóðstorkusjúkdóm (svo sem dreyrasýki), vegna þess að blæðing eða mar getur komið fyrir eftir gjöf í vöðva hjá þessum einstaklingum.

Ónæmisbældir einstaklingar

Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um ónæmingargetu og öryggi bóluefnisins þegar það er gefið einstaklingum sem eru með skerta ónæmissvörun, þar með talið þeim sem eru á ónæmisbælandi meðferð (sjá kafla 5.1).. Verkun BIMERVAX XBB.1.16 getur verið minni hjá einstaklingum með skerta ónæmissvörun.

Tímalengd verndar

Tímalengd verndar sem bóluefnið veitir er ekki þekkt vegna þess að ennþá er verið að ákvarða hana í yfirstandandi klínískum rannsóknum.

Takmarkanir á verkun bóluefnis

Eins og á við um öll bóluefni getur verið að bólusetning með BIMERVAX XBB.1.16 verndi ekki alla sem fá bóluefnið.

Hjálparefni með þekkta verkun

Kalíum
Bóluefnið inniheldur minna en 1 mmól (39 mg) af kalíum í hverjum skammti, þ.e.a.s. er sem næst kalíumlaust.

Natríum
Bóluefnið inniheldur minna en 1 mmól (23 mg) af natríum í hverjum skammti, þ.e.a.s. er sem næst natríumlaust.

Pólýsorbati 80
Bóluefnið inniheldur 1,18 mg af pólýsorbati 80 í hverjum skammti. Pólýsorböt gætu valdið ofnæmisviðbrögðum.

4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Ekki hafa verið gerðar neinar rannsóknir á milliverkunum.

Samhliðagjöf BIMERVAX XBB.1.16 og annarra bóluefna hefur ekki verið rannsökuð.

4.6 Frjósemi, meðganga og brjóstagjöf

Meðganga

Engin reynsla er af notkun BIMERVAX XBB.1.16 hjá þunguðum konum. Dýrarannsóknir benda hvorki til beinna né óbeinna skaðlegra áhrifa m.t.t. meðgöngu, þroska fósturvísis/fósturs, fæðingar eða þroska eftir fæðingu (sjá kafla 5.3).

Aðeins skal íhuga gjöf BIMERVAX XBB.1.16 á meðgöngu þegar hugsanlegur ávinningur vegur þyngra en nokkur hugsanleg áhætta fyrir móðurina og fóstrið.

Brjóstagjöf

Ekki er þekkt hvort BIMERVAX XBB.1.16 skilst út í brjóstamjólk.

Ekki er búist við neinum áhrifum á börn sem eru á brjósti vegna þess að BIMERVAX XBB.1.16 dreifist í óverulegum mæli með blóðrás um líkama móðurinnar.

Frjósemi

Dýrarannsóknir benda hvorki til beinna né óbeinna skaðlegra áhrifa með tilliti til eiturverkana á æxlun, sjá kafla 5.3.

4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

BIMERVAX XBB.1.16 hefur engin eða óveruleg áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla. Hins vegar geta sumar aukaverkanir sem nefndar eru í kafla 4.8 haft tímabundin áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla.

4.8 Aukaverkanir

Samantekt á öryggi

BIMERVAX (upprunalegt, heteródímer B.1.351 og B.1.1.7 stofnar)

Einstaklingar 18 ára og eldri
Algengustu aukaverkanirnar sem greint var frá eftir örvunarskammt af BIMERVAX hjá fullorðnum einstaklingum sem fengu frumbólusetningu með mRNA COVID-19 bóluefni voru verkur á stungustað (82,9%), höfuðverkur (30,9%), þreyta (31,1%) og vöðvaverkir (20,7%). Miðgildi tímalengdar staðbundinna og altækra aukaverkana var 1 til 3 dagar. Flestar aukaverkanir komu fyrir innan 3 daga eftir bólusetningu og voru vægar eða í meðallagi miklar að alvarleika.

Algengustu aukaverkanirnar sem greint var frá eftir auka örvunarskammt af BIMERVAX sem fjórða skammt voru verkir á stungustað (79,9%), höfuðverkur (25,0%) og þreyta (25,0%).. Miðgildi tímalengdar staðbundinna og altækra aukaverkana var 1 til 3 dagar. Flestar aukaverkanirnar komu fram innan 3 daga eftir bólusetninguna og voru vægar eða miðlungsmiklar að alvarleika.

Unglingar á aldrinum 12 til 17 ára
Algengustu aukaverkanirnar sem greint var frá eftir örvunarskammt af BIMERVAX hjá unglingum voru verkur á stungustað (77,5%), höfuðverkur (28,3%), þreyta (29,3%) og lasleiki (22,5%). Miðgildi tímalengdar staðbundinna og altækra aukaverkana var 1 til 3 dagar. Flestar aukaverkanir komu fram innan tveggja daga eftir bólusetningu og voru vægar til miðlungs alvarlegar.

BIMERVAX XBB.1.16 (Omicron XBB.1.16 aðlagað BIMERVAX)

Öryggi BIMERVAX XBB.1.16 er ályktað af öryggisgögnum BIMERVAX bóluefnisins (upprunaleg, misleit tvennd B.1.351 og B.1.1.7 stofnanna) og öryggisupplýsingum úr klínískri rannsókn á aðlagaða BIMERVAX XBB.1.16 bóluefninu.

Heildaröryggisupplýsingar fyrir BIMERVAX XBB.1.16 örvunarskammtinn var svipað og sést eftir örvunarskammtinn af BIMERVAX (upprunaleg, misleit tvennd B.1.351 og B.1.1.7 stofnanna). Algengustu aukaverkanirnar sem tilkynnt var um voru verkur á stungustað (68,11%), höfuðverkur (23,42%), þreyta (19,60%) og vöðvaverkir (13,62%). Aukaverkanir voru flestar vægar til í meðallagi alvarlegar. Engar nýjar aukaverkanir komu fram fyrir BIMERVAX XBB.1.16 örvunarskammtinn.

Tafla yfir aukaverkanir

Öryggissniðið hér að neðan er byggt á sameinuðum öryggisupplýsingum sem komu fram í tveimur klínískum rannsóknum í fasa 2b og fasa 3 með samtals 3.156 þátttakendur 18 ára og eldri, sem fengu einn örvunarskammt af BIMERVAX að minnsta kosti 3 mánuðum eftir síðasta skammt af COVID -19 bóluefni. Miðgildi tímalengdar eftirfylgni með öryggi var 12 mánuðir hjá 99,4% einstaklinganna og 6 mánuðir hjá 0,6% einstaklinganna.

Öryggi annars örvunarskammts af BIMERVAX sem fjórða skammts var metið hjá 288 einstaklingum, 18 ára og eldri, sem höfðu annaðhvort fengið 3 skammta af COVID-19 mRNA bóluefnið

(tozinameran) eða 2 skammta af COVID-19 mRNA bóluefnið (tozinameran) og 1 skammt af BIMERVAX og fengu annan örvunarskammt með BIMERVAX til viðbótar 6 til 12 mánuðum eftir þriðja skammtinn.

Öryggi örvunarskammts af BIMERVAX hjá unglingum á aldrinum 12 til 17 ára byggist á öryggisgögnum úr 3. stigs klínísku rannsókninni og 2b. stigs klínísku rannsókninni sem nú stendur yfir. Alls 276 þátttakendur, með og án sögu um fyrri SARS-CoV-2 smit, fengu örvunarskammt af BIMERVAX að minnsta kosti 3 mánuðum eftir síðasta skammt frumbólusetningarlotunnar.

Öryggi örvunarskammts af BIMERVAX XBB.1.16 var metið í áframhaldandi 2b/3. stigs klínískri rannsókn hjá einstaklingum 18 ára og eldri sem voru að fullu bólusettir gegn COVID-19 með mRNA bóluefni að minnsta kosti 6 mánuðum áður en þeir fengu örvunarskammt með BIMERVAX XBB.1.16. Úr þessari rannsókn liggja fyrir öryggisupplýsingar fyrir 602 einstaklinga sem fengu örvunarskammt af BIMERVAX XBB.1.16 með 6 mánaða miðgildi eftirfylgnitíma.

Aukaverkanir sem komu fram meðan á klínískum rannsóknum stóð eru taldar upp hér að neðan samkvæmt eftirfarandi tíðniflokkum: mjög algengar (≥1/10), algengar (≥1/100 til <1/10), sjaldgæfar (≥1/1.000 til <1/100), mjög sjaldgæfar (≥1/10.000 til <1/1.000), koma örsjaldan fyrir (<1/10.000) og tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum).

Innan hvers tíðniflokks eru alvarlegustu aukaverkanirnar taldar upp fyrst.

Tafla 1: Aukaverkanir í klínískum rannsóknum á BIMERVAX hjá einstaklingum 12 ára og eldri

Flokkun eftir líffærum	**Mjög algengar**	**Algengar**	**Sjaldgæfar**	**Mjög sjaldgæfar**	**Tíðni ekki þekkt**
Blóð og eitlar		Eitlastækkanir[a]			
Taugakerfi	Höfuðverkur		Sundl Svefnhöfgi	Náladofi Minnkað snertiskyn	
Hjarta					Gollurshússbólga[c]
Meltingarfæri		Niðurgangur Uppköst Ógleði		Sársaukafull kynging Kviðverkir[b]	
Húð og undirhúð			Kláði	Ofsakláði Kaldur sviti Útbrot Roði	
Stoðkerfi og bandvefur	Vöðvaverkir		Liðverkir		
Almennar aukaverkanir og aukaverkanir á íkomustað	Verkur á stungustað Þreyta	Þroti á stungustað Roði á stungustað Herslismyndun á stungustað Hiti Sársauki í öxl	Þróttleysi Kuldahrollur LasleikiKláði á stungustað	Marblettur á stungustað Ofnæmi á stungustað	

[a] Þetta heiti inniheldur einnig tilvik sem tilkynnt voru sem eitlabólga
[b] Þetta heiti inniheldur einnig tilvik sem tilkynnt voru sem verkir í efri og neðri hluta kviðarhols
[c] Byggt á einu atviki meðan á klínískum rannsóknum stóð

Börn

Herslismyndun á stungustað, lasleiki, sársauki í öxl og liðverkir komu oftar fyrir hjá unglingum samanborið við fullorðna, og tíðnin var mjög algeng hjá unglingum.

Tilkynning aukaverkana sem grunur er um að tengist lyfinu

Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með sambandinu milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins.

Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá Appendix V og tiltaka lotunúmer ef það liggur fyrir.

4.9 Ofskömmtun

Ef ofskömmtun á sér stað er mælt með eftirliti með lífsmörkum og mögulegri meðferð við einkennum.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: Bóluefni, Covid-19 bóluefni, ATC-flokkur: J07BN04

Verkunarháttur

BIMERVAX er raðbrigða próteinbóluefni þar sem virka efnið (mótefnavaki) er SARS-CoV-2 veiru raðbrigða gadda (S) prótein viðtakabindihneppi (RBD) samruna dímer. Eftir gjöf myndast ónæmissvörun, bæði vessabundin og frumubundin, gegn SARS-CoV-2 RBD mótefnavakanum. Hlutleysandi mótefni gegn RBD hneppi SARS-CoV-2 koma í veg fyrir að RBD bindist við ACE2 frumur og kemur þannig í veg fyrir himnusamruna og veirusýkingu. Ennfremur framkallar BIMERVAX mótefnavakasértæka T-frumu ónæmissvörun, sem getur stuðlað að vernd gegn COVID-19.

Verkun

Ályktað hefur verið um virkni damlecovatein með ónæmisbrúun ónæmissvörunar við viðurkenndu XBB aðlöguðu COVID-19 bóluefni, sem virkni bóluefnisins hefur verið staðfest fyrir.

Ónæmingargeta

BIMERVAX XBB.1.16 (Omicron XBB.1.16 aðlagað BIMERVAX)

Ónæmingargeta damlecovatein var metin í klínísku rannsókninni HIPRA-HH-14, 2b/3. stigs, tvíblind, slembiröðuð, fjölsetra, klínísk rannsókn með virkum samanburði til að sýna að bóluefnið sé ekki óæðra og til að meta öryggi og þol og ónæmingargetu örvunarbólusetningar með damlecovatein samanborið við COVID-19 mRNA bóluefni (raxtozinameran) aðlagað bóluefni, hjá fullorðnum einstaklingum sem eru bólusettir gegn COVID-19 með mRNA bóluefni að minnsta kosti 6 mánuðum fyrir skráningu.

Þessi 2b/3. stigs klíníska rannsókn útilokaði einstaklinga sem voru barnshafandi, einstaklinga sem voru ónæmisbældir eða höfðu fengið ónæmisbælandi lyf innan 90 daga, einstaklinga sen höfðu fengið öll fyrri Omicron XBB aðlöguð bóluefni sem og einstaklinga með COVID-19 sýkingu sem greindist á síðustu 6 mánuðum. Einnig þurftu að lágmarki 3 mánuðir að hafa liðið frá því að þátttakendur höfðu fengið einhverja ónæmismeðferð (einstofna mótefni, plasma) fram að rannsókninni.

Á lokadegi bráðabirgðagreiningar höfðu alls 800 einstaklingar verið bólusettir. Alls voru 599 einstaklingar teknir með í ónæmingargreininguna (406 einstaklingar bólusettir með damlecovatein og 193 einstaklingar bólusettir með COVID-19 mRNA bóluefni (raxtozinameran)). Þátttakendur voru lagskiptir fyrir slembiröðun eftir aldurshópum og eftir fjölda skammta sem þeir áður höfðu fengið (3 eða ≥ 4 skammtar). Miðgildi aldurs var 45 ár (bil: 18 til 88 ár), með svipuð aldursbil í báðum meðferðarhópum, þ.m.t. 13,6% einstaklingar 60 ára og eldri í damlecovatein hópnum og 11,7% COVID-19 mRNA bóluefni (raxtozinameran) hópnum. Flestir einstaklingar höfðu fengið annað hvort 3 (66.9%) eða 4 (33.0%) fyrri mRNA COVID-19 bólusetningarskammt.

